

Tillaga fyrir bæjarráð í framhaldi af máli nr. 2108276 - Vegamót við Álfsstétt Eyrarbakka :

Umferðaröryggi við Eyrarbyggveg mun aukast umtalsvert við færslu vegtengingar að hesthúsasvæðinu við Eyrarbakka og sameiginlegra aðgerða sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar í því sambandi á komandi ári, en bæjarráð ályktaði um málið þann 26. ágúst síðastliðinn.

Á meðan beðið er þessara úrbóta er hættan hinsvegar enn fyrir hendi. Bæjarráð Svf. Árborgar beinir af þessum sökum þeim tilmælum til Vegagerðinnar að hámarkshraði á þeim kafla Eyrarbyggvegur sem liggur meðfram Eyrarbakka verði lækkaður í 70 kílómetra hraða svo fljótt sem verða má. Slíkt er algeng ráðstöfun víða um land þar sem ekið er í nálægð við byggðir og um marga afleggjara inn á aðalveg er um að ræða. Má þar nefnda t.d í Flóahreppi við Þingborg og í Skeiða og Gnúpverjahreppi, við Brautarholt. Einnig verði settar upp hraðmælingar og skilti sem sýna þann hraða sem viðkomandi ekur á.